



Afreksstefna AKÍS

2020-2025

Afreksstefna AKÍS vísar leiðina að markvissri uppbyggingu og þróun afreksíþróttamanna í keppnisgreinum akstursíþróttanna. Með samþykkt Afreksstefnu AKÍS vill sambandið horfa til lengri tíma og varða þá leið sem það vill starfa eftir og hvernig nýta á auðlindir sambandsins til að ná settum markmiðum. Með auðlindum er jafnt átt við fjármuni, aðstöðu, búnað og mannauð sem sambandinu stendur til boða.

Staðan í dag

Akstursíþróttasamband Íslands hefur verið starfandi frá árinu 2012, en byggir á traustum grunni Landsambands íslenskra akstursfélaga sem stofnað var 1978 og Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA sem starfandi var fram að stofnun AKÍS.

Á þessum tíma hafa Íslendingar nokkrum sinnum farið utan í keppnir, en þá yfirleitt sem einstaklingar. Einstaka keppendur hafa æft og keppt erlendis, en þeir hafa séð alfarið um sig sjálfir. Sambandið hefur komið að því að greiða götu þeirra þar sem það er hægt, en ekki með fjárhagsstuðningi. Frá stofnun sambandsins hefur engin eiginleg afreksstefna verið virk innan AKÍS heldur var þetta gert að frumkvæði keppendanna sjálfra sem vildu ná lengra í sinni grein.

Innan AKÍS eru í dag átta megingreinar akstursíþróttar á ökutækjum á fjórum hjólum:

1. Drift
2. GoKart
3. Hringakstur
4. Rally
5. Rallycross
6. Spyrnur
7. Torfæra
8. Hermiakstur

Hermiakstur hefur verið undir einstökum keppnisráðum og ekki verið sjálfstæð grein - enn sem komið er. Á árinu 2019 var fyrsta Íslandsmeistaramótið í hermikappakstri og árið 2020 bættist hermidrift við. Í byrjun árs 2020 keppti Ísland við Danmörku í hermikappakstri og var það fyrsta landsliðsverkefni AKÍS frá upphafi ásamt því að vera fyrsti eiginlegi landsleikur landssambanda sem eru innan íþróttar- og ólympíusambands lands síns.

Stjórn AKÍS er ábyrg fyrir afreksstefnunni og uppfærslu á henni og skal afreksstefna AKÍS vera hluti af lögbundinni dagskrá ársþings. Stjórn getur falið formanni AKÍS eða sérstökum ábyrgðarmanni að fylgja eftir stefnu þessari og sjá til þess að markmiðum hennar sé náð.

Markmið afreksstefnu AKÍS er fyrst og fremst ætlað að efla starfsemi og þátttöku í Íslandsmótum í keppnisgreinum sambandsins auk þess að undirbúa afreksfólk fyrir þátttöku í keppnum á erlendri grundu, sérstaklega í heimsmeistaramótum (FIA Motorsport Games) og NEZ mótum. Ábyrgðarmaður afreksstefnu skal sjá um að þeir sem valdir eru til verkefna standist þær kröfur sem til þeirra eru gerðar, skipuleggja æfingabúðir og fylgja þeim á erlend mót ef þurfa þykir.

Innan vébanda AKÍS starfa akstursíþróttafélög sem sinna æfingum og keppnishaldi í akstursíþróttum. Stjórn AKÍS skal vinna að því að fjölga þeim og breiða út íþróttina. Í því skyni aðstoðar AKÍS ný félög með



leiðbeiningum og samstarfi við eldri félög. Hlutverk félaganna er að fjölga iðkendum á sínu starfssvæði, kenna þær gerðir akstursíþróttar sem stundaðar eru innan vébanda félagsins og byggja upp öflugt félagsstarf. Æskilegt er að félögin bjóði upp á reglulegar æfingar fyrir félagsmenn undir leiðsögn menntaðs þjálfara. Þjálfun fer fram innan félaganna og bera þau hita og þunga af æfingum og aðstöðu fyrir sitt íþróttafólk. Afreksstarf innan akstursíþróttafélaga þarf að vera markvisst með reglulegum æfingum og markmiðasetningu bæði fyrir einstaklinga og félagið sjálft.

Akstursíþróttafélögin skulu hlúa að afreksfólki sínu með bættri aðstöðu til þess að stunda æfingar hér á landi og aðgangi að þjálfurum.

Hlutverk AKÍS er að fylgjast með því fólki sem skarar fram úr í sinni íþróttagrein og veita því tækifæri til að ná enn lengra. AKÍS sér um fjármögnun á hluta afreksstarfs og sækir um styrki til innlendra og erlendra aðila sem sambandið hefur aðgang að.

Alþjóðasamstarf

AKÍS er fullgildur aðili að FIA og hefur lagt mikla áherslu á öflugt alþjóðlegt samstarf og sérstaklega með samvinnu innan FIA/NEZ sem eru akstursíþróttasambönd innan svæðis Norður Evrópu. Aðildin opnar möguleika fyrir íslenska akstursíþróttamenn að sækja keppnir erlendis og við getum líka og höfum haldið alþjóðlegar keppnir á Íslandi.

Skipulag

Afreksstefna AKÍS skal vera til umfjöllunar á ársþingi sambandsins.

Aðilar að afreksstefnu AKÍS:

1. Akstursíþróttasamband Íslands - AKÍS
2. Akstursíþróttafélögin í landinu
3. Keppnisráð einstakra greina
4. Landsliðsnefnd AKÍS
5. Keppendur

1. Akstursíþróttasamband Íslands - AKÍS

AKÍS eru heildarsamtök akstursíþróttafélaga í landinu og nær markmiðum sínum með áherslu á eftirfarandi þætti:

Keppnissvæði og mannvirkjamál

Góð keppnissvæði á alþjóðlegan mælikvarða eru nauðsynleg til þess að akstursíþróttir geti vaxið og dafnað. Uppbygging keppnissvæða og mannvirki þeim tengdum eru eitt af stóru verkefnum sem AKÍS sinnir.

Mennta- og æskulýðsmál.

Unnin verði heildarstefna í kennslumálum akstursíþróttar, allt frá byrjendanámskeiðum til framhaldsmenntunar og mun AKÍS fá hana samþykka af ÍSÍ. Markmiðið er að koma fyrstu stígunum inn í skólana sem hiklaust efldi áhuga og auðveldaði aðgengi að akstursíþróttum, en einnig auka færni og getu ungra ökumanna. Menntunin verður heildstæðari og markvissari með samræmdri stefnu. Á vegum AKÍS skal starfa menntanefnd til að vinna að þessum málum sem einnig tekur þátt í alþjóðlegu starfi menntanefnda.



Erlend samskipti.

Eitt af markmiðum AKÍS er að vinna náið með aðildarlöndum FIA á sem flestum sviðum til að tryggja að Ísland getið tekið þátt í alþjóðlegum akstursíþróttaviðburðum.

Skrifstofa AKÍS aðstoðar og vinnur með landsliðsnefnd að verkefnum hennar ásamt stjórn AKÍS. Skrifstofan hefur einnig yfirumsjón með erlendum samskiptum og sendir fulltrúa á nefndarfundi og aðalfundi FIA og vegna FIA-NEZ.

2. Akstursíþróttafélögin í landinu

Akstursíþróttafélögin bera ábyrgð á framkvæmd keppna og eru uppeldisstöðvar fyrir keppendur. Þar fá félagsmenn tækifæri til að þjálfa sig, bæði á æfingum, félagsmótum, opnum mótum og stærri mótum.

Ungliðastarf er nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu akstursíþróttanna til lengri tíma og því mikilvægt að félögin sinni því af krafti.

Afreksstefna AKÍS byrjar hjá akstursíþróttafélögunum sem benda á og hlúa að einstaklingum sem skara fram úr í sinni íþróttagrein.

3. Keppnisráð einstakra greina

Keppnisráð bera ábyrgð á reglum og framtíðarsýn einstakra greina. Þeim ber að hafa í huga erlendar reglur til að íslenskir keppendur séu samkeppnishæfir við erlenda öikumenn. Þetta á við bæði um keppnisreglur og einnig búnað og gerðir keppnistækja.

Keppnisráðin fylgjast náið með frammistöðu keppenda í viðkomandi grein og mikilvægur þáttur í afreksstarfinu.

4. Landsliðsnefnd AKÍS

Þegar þurfa þykir, skipar stjórn AKÍS landsliðsnefnd og er verksvið hennar að móta nánari lýsingu á afreksstefnunni, velja keppendur í landslið og sjá um að þjálfun landsliðsins sé markviss og skili árangri.

Landsliðsnefndin aðstoðar keppendur er keppa erlendis, bæði við skipulagninu flutnings ökutækja og tollafgreiðslu þeirra ásamt öðru sem snýr að þátttöku í erlendum keppnum í samstarfi við skrifstofu AKÍS. Augljós galli á þátttöku keppenda á alþjóðlegum mótum er sá mikli kostnaður sem fylgir því að flytja keppnistæki út fyrir landssteinana.

5. Keppendur

Keppendur sem valdir eru sem afreksfólk af AKÍS koma fram sem fulltrúar Íslands og verða því að sýna drengilega og þrúðmannlega framkomu.

Afreksfólki ber sérstaklega að fylgja keppnisreglum og agareglum fyrir sína grein og vera þannig fyrirmynd útávið og innávið í starfi AKÍS, ekki síst gagnvart þeim sem eru að stíga sín fyrstu sport í akstursíþróttum.



Almenn þátttaka í íþróttinni og hæfileikamótun

Afreksstefnan og árangur hennar byggist fyrst og fremst á þeim einstaklingum sem keppa og hversu hart þeir leggja sig fram til að ná markmiðum sínum. Ábyrgð og aðkoma akstursíþróttafélaga innan AKÍS byggir á stuðningi og að skapa tækifæri fyrir þá einstaklinga sem eru reiðubúnir til að leggja sig fram. Áriðandi er að skapa sem flestum tækifæri til að reyna sig og finna hvort þeir séu reiðubúnir að gera það sem þarf til að ná árangri.

Afreksstarf verður að haldast í hendur við uppbyggingarstarf. Ekki er nóg að einn og einn keppandi taki þátt í keppnum og æfingum erlendis með misjöfnum árangri þar sem frábær árangur á erlendri grundu dugir ekki einn og sér til að draga fleiri að íþróttinni. Koma þarf á skipulegu kerfi fyrir æfingar og uppbyggingarstarf sem og menntun þjálfara og setja fram áætlanir um hvernig ætti að nýta afreksstarfið til að byggja upp þátttöku í akstursíþróttum á Íslandi.

Utanaðkomandi þættir eins og aðstöðuleysi og misgóður skilningur stjórnvalda á þörfum og starfi keppnisfólks í akstursíþróttum á bílum geta hamlað árangri.

Kennslugögn vantar fyrir akstursíþróttir og því mögulegt verkefni að gefa út kennsluefni, auk þess að útbúa námskrá fyrir akstursíþróttir barna og unglinga. Á sama tíma þarf að vinna að því að auka menntun þjálfara og gera námskrár fyrir þjálfara.

AKÍS hefur undanfarin ár hvatt aðildarfélög sín til að sinna og hlúa að barna og unglingastarfi og halda námskeið og æfingar á sínum vegum.

Keppnisgreinar innan AKÍS

Drift

Drift hefur verið í mikilli sókn undanfarin ár. Einnig hefur hermidrift nýlega hafist og má búast við aukningu þar. Keppendafjöldi hefur vaxið og íþróttin er spennandi fyrir keppendur og áhorfendur.

Drift er keppnisgrein á FIA Motorsport Games og einnig innan NEZ og er stefnt að þátttöku Íslands á næstu árum.

GoKart

GoKart hefur því miður verið í nokkurri lægð frá aldamótum þegar fjöldi gokart bíla var fluttur til landsins. Enn eru sömu bílar notaðir og þarfnast orðið mikils viðhalds og kominn tími á endurnýjun. Fáir keppendur hafa verið undanfarið og nýliðun lítil.

GoKart er keppnisgrein á FIA Motorsport Games en kröfur um lágan aldur, mikla reynslu keppenda og að nauðsyn sé að senda pilt og stúlku gerir þátttöku Íslands ólíklega á næstu árum.



Hringakstur/hermikappakstur

Í hringakstri hefur verið keppt í tímaati, þolakstri og kappakstri. Einnig hefur hermikappakstur nýlega hafist af miklum krafti. Keppendafjöldi hefur farið vaxandi.

Hermikappakstur er keppnisgrein á FIA Motorsport Games og einnig er keppt innan NEZ og þar eru margir öflugir keppendur. Eðlilegt er að stefna að aukinni þátttöku Íslands á næstu árum.

Rally

Rally er ein af fyrstu akstursíþróttum sem keppt var í á Íslandi. Vegir hér henta margir þrýðilega til rallyaksturs, þó þeim fari fækkandi. Útgerð rallybíla er kostnaðarsöm og keppendafjöldi hefur heldur staðið í stað síðustu árin. Íslenskir rallyökumenn hafa reynt fyrir sér á erlendri grundu, stundum með ágætum árangri.

Rallykeppni í aksturshermum ætti að vera eðlilegt framhald og góður grunnur fyrir ungmenni og æfingar reynslumeiri keppenda. Hermirallyakstur er stundaður héraendis af einstaklingum.

AKÍŠ í samstarfi við Kvartmílu klúbbinn og fleiri félög hafa frá árinu 2018 haldið eina umferð á ári í heimsmeistarakeppni FIA í nákvæmnisakstri rafbíla. Þarna er ný grein og möguleikar Íslands og íslenskra keppenda á að ná langt, þó reynsla af nákvæmnisakstri sé ekki mikil hér ennþá.

Rallycross

Rallycross hefur verið í talsverðri sókn undanfarin ár. Með nýjum flokki ódýrra bíla hefur keppendafjöldi vaxið og íþróttin er fjörug og tilvalin fyrir ungmenni að byrja sinn feril.

Rallycross er ekki keppnisgrein á FIA Motorsport Games. Rallycross er mjög vinsæl keppnisgrein í Evrópu og ættu íslenskir keppendur að eiga möguleika þar.

Spyrnur

Í spyrnugreinum hefur verið keppt í Kvartmílu og Sandspyrnu auk Götuspyrnu. Keppendafjöldi hefur verið mikill undanfarin ár og mikill metnaður hefur einkennt keppnishald aðildarfélaganna sem standa fyrir Íslandsmótum og margra keppenda sem hafa varið umtalsverðum fjármunum í keppnistæki sín og til að ná árangri.

Torfæra

Torfæra er ein af fyrstu akstursíþróttum sem keppt var í á Íslandi. Áhugi á jeppum og torfæruþrautum hefur löngum verið mikill hér. Útgerð torfærubíla er kostnaðarsöm og keppendafjöldi hefur heldur staðið í stað síðustu árin. Áhugi áhorfenda er mikill og íslenskir torfæruökumenn hafa nokkuð reynt fyrir sér á erlendri grundu, oft með ágætum árangri í NEZ keppnum. Ísland hefur líka haldið NEZ keppni, en áhuginn erlendis hefur minnkað og er nú nær eingöngu bundinn við Noreg.

Aldursviðmið

Aldursviðmið keppenda í akstursíþróttum hefur hingað til ráðist af reglugerð um akstursíþróttir. Reglugerðin hefur verið þó nokkuð takmarkandi fyrir þátttöku ungmenna í akstursíþróttum. Með nýjum umferðarlögum



2019 er ljóst að endurskrifa þarf reglugerðina og hefur AKÍŠ unnið með MSÍ að því að aldursviðmið keppenda verði ákveðin af samböndunum sjálfum. Þetta skapar mikil tækifæri til vaxtar á næstu árum.

Afreksíþróttafólk

Íslenskt afreksíþróttafólk stendur ekki jafnfætis keppinautum sínum erlendis þar sem gríðarlegur munur er á æfingaaðstöðu og fjárhagsstyrk. Erendis hafa akstursíþróttir verið stundaðar mun lengur en hérlendis, jafnvel í á annað hundrað ár í sumum löndum.

Taka þarf tillit til þess þegar árangur íslenskra keppenda í akstursíþróttum er borinn saman við aðrar greinar.

Skilgreiningar á afrekum í viðkomandi íþróttagrein

Við skilgreiningu afreks hefur AKÍŠ til hliðsjónar skilgreiningu ÍSÍ.

- **Framúrskarandi keppandi** í akstursíþróttum er sá einstaklingur sem skipar sér í fremstu röð með árangri sínum í Íslandsmóti.
- **Afreksmaður** í akstursíþróttum er sá einstaklingur sem æfir markvisst, hefur skýr markmið og telst hafa möguleika, hæfileika og líkamlegt atgervi til að ná langt.
- **Afreksefni** í akstursíþróttum er sá einstaklingur sem ekki hefur náð jafn langt en talinn er með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á sess með þeim bestu.

Ástundun:

Æfingar minnst tvisvar til fjórum sinnum í viku og að lágmarki 2 tímar í senn.

Siðferði:

Hegðun íþróttamanns skal ávalt vera til fyrirmyndar, jafnt innan svæðis sem utan og vera fyrirmynd fyrir aðra iðkendur.

Að ástunda íþrótt sína eingöngu á löglegu og viðurkenndu svæði.

Skilgreiningar á landsliðsverkefnum

Þátttaka í FIA Motorsport Games samanber það sem stendur hér að ofan við einstaka keppnisgrein svo fremi að fjármagn fái til þátttöku.

Þátttaka í FIA-NEZ móti í torfæru.

Kröfur um ástundun og æfingamagn

Til að keppandi sé valinn í afrekshóp þarf hann að taka þátt í reglulegum æfingum síns félags og Íslandsmeistaramóti AKÍŠ.



AKÍ fylgist með markmiðum og árangri til að veita viðkomandi keppanda aðhald og stuðning við að ná markmiðum sínum.

AKÍ gerir kröfur til þess að keppandi í afreksstarfi stundi reglulega æfingar. Hann þarf að ná tókum á akstrinum við allar gerðir brauta og aðstæðum. Einnig þarf keppandinn að stunda styrktar- og þolæfingar.

Stjórn AKÍ velur einstaklinga til að taka þátt í afreksstarfi sambandsins. Við val á keppendum á erlend mót er farið eftir árangri í mótum hérlendis og erlendis. Að auki er rætt við þjálfara um hæfni keppenda til að taka við þjálfun og áhuga þeirra á að bæta sig og ná árangri.

- Keppandi þarf að vera íslenskur ríkisborgari
- Þátttaka í Íslandsmóttinu
- Neytir ekki ólöglegu lyfja og er tilbúinn að undirgangast lyfjapróf hvenær sem er
- Gefur af sér til íþróttarinnar og sérstaklega til yngri iðkenda
- Tekur þátt í þjálfun og fleira sem við kemur íþróttinni
- Tekur þátt í félagsstarfi og kynningu á íþróttinni

Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið

Í dag eru nokkrir keppendur innan keppnisgreinanna sem uppfylla skilyrði til að taka þátt í afreksstarfi sambandsins, hvort sem heldur er unglingar eða fullorðnir.

Fullur vilji er til þess hjá AKÍ að styðja við bakið á þessu unga fólki og koma því áfram innan íþróttarinnar. Þar sem þessir einstaklingar eru á mismunandi aldri og á mismunandi keppnistækjum verður leið þeirra í afreksstarfinu einstaklingsbundin.

Velja þarf réttu mótin, bæði út frá stöðu og kostnaði.

Stefnt skal að því að gefa sem flestum tækifæri á því að komast á FIA Motorsport Games og NEZ mót á hverju ári og reyna sig þannig á erlendum mótum.

Þjálfarar

Landsliðsþjálfari er skipaður til að leiða ákveðin verkefni. Krafa er gerð um að þeir þjálfarar sem áhuga hafa á að taka verkefni að sér, sýni afburða þekkingu og hæfni og skili inn metnaðarfullri vinnuáætlun.

Hæfni, geta, menntun og kröfur til þjálfara

Landsliðsþjálfari þarf að vera með góða reynslu sem þjálfari í akstursíþróttum, annaðhvort eða bæði sem keppandi eða þjálfari. Þjálfari þarf að hafi að baki menntun sem styður við starf hans eins og menntun í íþróttufræði, íþróttasálfræði, þjálfaramenntun eða sambærilegu.

Landsliðsþjálfari þarf að geta veitt keppendum stuðning og ráð vegna markmiða, tækni, forvarna vegna meiðsla, hugarþjálfun og herkænsku. Landsliðsþjálfari ber ábyrgð á undirbúningi keppenda sem fara erlendis í verkefni á vegum AKÍ. Landsliðsþjálfari skilar inn skýrslu um framgang verkefnisins til AKÍ í lok ferðarinnar.



Skammtíma- og langtímamarkmið

Landsliðsnefnd vinnur að því að setja markmið með afrekskeppendum, sem eru sett saman af skammtímamarkmiðum (innan við 12 mánaða markmið), framtíðarmarkmiðum (1-3 ár) og langtímamarkmiðum (3-5 ár).

Engir þjálfarar eru starfandi á vegum AKÍŠ sem stendur, en AKÍŠ hyggst styðja við bakið á efnilegum þjálfurum með því að senda þá á þjálfaranámskeið ÍSÍ og mögulega erlendis á námskeið og ráðstefnur á vegum FIA.

Aðstaða

Aðstaða til keppni í akstursíþróttum hefur farið batnandi hin síðari ár, en ljóst er að mikið þarf að gera til að hún verði í samræmi við það sem afreksmenn akstursíþróttanna í nálægum löndum búa við.

Viðurkenningar á akstursíþróttasvæðum

AKÍŠ hefur með aðstoð styrks frá FIA farið yfir öryggismál og hönnun þeirra akstursíþróttasvæða sem eru hérlendis og eru notuð í aksturskeppnum. Þetta eru svæði Kvartmíluklúbbsins við Álfhelli í Hafnarfirði, svæði Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar við Krýsuvíkurveg í Hafnarfirði og svæði Bílaklúbbs Akureyrar við Hlíðarfjallsveg á Akureyri. Erlendan sérfræðing í brautarúttektum þarf að fá hingað til lands að meðaltali annað hvert ár.

Fjármagn til viðhalds og uppbyggingar akstursíþróttanna.

AKÍŠ mun halda áfram að sækjast eftir því að fá úthlutað fjármagn á fjárlögum ríkisins til samræmis við það sem þekkist um reiðvegi. Aðildarfélag AKÍŠ geti þá sótt um fjármagn til nauðsynlegra lagfæringa og uppbyggingar á akstursíþróttasvæðum.

Æfingar og þjálfun

Þau félag sem hafa komið sér upp sérstökum svæðum til akstursíþróttanna eru með góða aðstöðu fyrir æfingar félagsmanna. Komin er viðunandi aðstaða til æfinga í rallycross, spyrnu (kvartmílu og götuspyrnu), gokart, drift, sandspyrnu, hringakstri ásamt hermiakstri.

Aðstaða keppenda til æfinga í rally og torfæru er lítil sem engin og þarf að bæta.

Fyrir æfingar í rally þarf vegbút sem keppendur gætu komið og prófað tæki sín á og æft utan þess þrönga ramma þar sem opið er fyrir akstur rallybíla dagana kringum keppnir.

Á svæði Bílaklúbbs Akureyrar er aðstaða til að æfa torfæru, en ekki er slíkt að finna annarsstaðar á landinu. Stefnt er að því að koma upp fleiri æfingasvæðum fyrir torfæru.

Yfirstjórn afreksíþróttastarfsins

Þó yfirstjórn afreksíþróttastarfsins sé hjá AKÍŠ og landsliðþjálfara verða keppnisráðin ásamt aðildarfélagunum að axla sameiginlega ábyrgð á því að uppfylla afreksíþróttastefnu. Þar skiptir öllu máli að ríkur metnaður til starfsins sé fyrir hendi hjá öllum.

Markmið og leiðir

Markmið	Leiðir	Mæling
Bæta aðstöðu og öryggi til æfinga og keppni á akstursíþróttasvæðum	Sækja um styrki til alþjóðasamtaka ásamt og til fjárveitingarvaldsins sem notaðir yrðu til að bæta aðstöðu til akstursíþróttahérlendis. Skilgreina þá aðstöðu sem nauðsynleg er fyrir akstursíþróttir	Fjöldi vottaðra akstursíþróttasvæða Endurbætur til samræmis við kröfur sérfræðinga í brautar og keppnismálum. Fjármagn opinberra aðila sem fer til AKÍS og félaga innan sambandsins til uppbyggingar keppnissvæða
Bætt aðstaða fyrir keppnir í rally	Taka upp viðræður við veghaldara til að bæta aðgengi rally keppna að vegum sem eru til staðar Leggja Taka frá vegbút sem ekki er lengur í notkun fyrir almenna umferð. Þar gætu keppendur komið og prófað tæki sín og æft utan þess þrönga ramma þar sem opið er fyrir akstur rallbíla dagana kringum keppnir	Heildarlengd sérleiða í rally Fjármagn opinberra aðila sem fer til viðhalds vega
Bætt aðstaða fyrir keppnir í torfæru	Taka frá svæði fyrir æfingar í torfæru í nágrenni við Reykjavík.	
Markaðssetning akstursíþróttar	Kynna akstursíþróttir í skólum sem og á vinnustöðum Stuðla að jákvæðri umræðu í fjölmiðlum um akstursíþróttir Hvetja sjálfstæða þáttagerðarmenn og ljósmyndara til umfjöllunar á samfélagsmiðlum Kynna mikilvægi akstursíþróttar fyrir aukið öryggi umferðinni	Fjöldi greina í blöðum, þátta í sjónvarpi og samfélagsmiðlum
Aukið ungliðastarf leiði til bættrar getu og færni ungra ökumanna	Unnin verði heildarstefna í kennslumálum akstursíþróttar, allt frá byrjendanámskeiðum til framhaldsmenntunar Koma fyrstu stigum byrjendanámskeiða inn í framhaldsskólana Lækka aldursviðmið í reglugerð um akstursíþróttir	Fjöldi ungliða innan greina sambandsins
Aukin þátttaka í keppnum erlendis	Stofnun landsliðsnefndar sem skoði þátttöku keppnum erlendis eða fái hingað til lands erlenda keppendur. Keppnisreglur AKÍS taki mið af alþjóðlegum reglum. Keppandi geti farið með eigið keppnistæki erlendis og að tækið falli þar inn í viðurkennda flokka	Fjöldi keppenda sem tekur þátt í keppnum á erlendri grundu Fjöldi landsliðsverkefna
Veita afreksfólki akstursíþróttar fjárhagslegan stuðning	Að framlög ríkis, sveitarfélaga og styrktaraðila til akstursíþróttar aukist.	Fjármagn til uppbyggingar akstursíþróttar

Skammtíma- og langtímamarkmið

Skammtímamarkmið (innan við 12 mánaða tímabil)

- Koma framkvæmd afreksstefnunnar í gang.
 - Skipa landsliðsnefnd.
 - Útnefna landsliðsþjálfara.
 - Koma fyrstu landsliðsverkefnum í gang.

Langtímamarkmið (1 - 3 ár)

- Samstarf AKÍS og akstursíþróttafélaganna á Íslandi einkennist af samvinnu, metnaði, gleði og góðri upplifun.
- Styðja ungliðastarf aðildarfélaganna.
- Bæta aðstöðu til æfinga og keppni til þess að íþróttamenn AKÍS geti mælanlega bætt árangur sinn.
- Fjölgun keppenda í mótum hér heima og erlendis.
- Auka fjölbreytni mótahalds og lengja keppnistímabilið.
- Þjálfarar sæki námskeið og byggi upp og miðli þekkingu og reynslu.
- Efla metnað í afreksþjálfun hjá keppendum.
- Sjá til þess að keppnisreynsla eldri keppenda nýtist yngra afreksfólki.
- Stofnað verði fagteymi landsliðs fyrir keppendur og keppnistæki.
- Samningar verði gerðir milli AKÍS og keppenda um skyldur þeirra og sameiginleg markmið.

Fagteymi

AKÍS hyggst byggja upp fagteymi sem afreksíþróttafólk sambandsins getur leitað til. Þar verður lögð megináhersla á þessa þætti:

1. **Líkami** - AKÍS hyggst semja við líkamsræktarstöð um afslátt til keppenda fyrir styrktar- og úthaldsþjálfun. Fylgst verði með þjálfun keppenda með mælingum á styrk þeirra og þoli. Einnig er stefnt á að semja við sjúkraþjálfara til að byggja upp líkamlegan styrk keppenda sem orðið hafa fyrir meiðslum.
2. **Mataræði** - Leita á til næringarfræðinga um að halda námskeið fyrir afrekshópinn um rétt fæði til styrkingar og uppbyggingar.
3. **Sálfræði** - Sálfræðiþátturinn er nauðsynlegur fyrir keppendur. Bæði til að standast álag í fremstu röð og eins til að ná lengra í íþróttinni og jafnvel takast á við áföll í daglega lífinu. Áherslan er á góðan svefn, andlega heilsu, streitu og kvíða.
4. **Framkoma** - Hugað verði að framkomu keppenda, bæði í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum. Þá verði lögð áhersla á að keppendur í afreksstarfi séu fyrirmyndir yngri keppenda.

Þó slys séu sem betur fer fágæt í mótorsporti er keppnishald ávallt haldið í góðri samvinnu við bráðaliða og björgunarsveitir.

Fagteymi mun einnig hafa aðkomu að keppnistækjum keppenda þar sem lögð verði áhersla á þrjá þætti:

1. **Öryggismál** - Öryggisbúnaður keppnistækja og persónulegur búnaður keppanda standist þær kröfur sem til þeirra eru gerðar þegar farið er í landsliðsverkefni.
2. **Tæknileg ráðgjöf** - Aðstoða keppendur við að ná sem mestu útúr keppnistækinu og að ekkert óvænt sé í keppnisreglum sem komi keppenda eða öðrum á óvart.
3. **Flutningar** - Sérstakt teymi verði til þess að gefa ráð um flutning keppnistækja milli keppnisstaða. Aukinheldur sér sama teymi um skipulag landsliðsferða og gistinga.

Núverandi staða og tímasett skammtíma- og langtímamarkmið

Í samstarfi við formenn aðildarfélaga AKÍS verði myndaður afrekshópur og landsliðsþjálfari fenginn til starfa samkvæmt því sem áður hefur komið fram.

Skipulegar æfingar væru haldnar í þeim brautum sem best eru til þess fallnar. Gerður verður samningur við einstaklinga í afrekshóp um að ná ákveðum markmiðum.

Fjármögnun

Í fjárhagsáætlun AKÍS hvert ár er tilgreint hversu miklu fé sambandið veitir til afreksmála af eigin rekstri. Þá skal einnig greina í fjárhagsáætlun AKÍS áætlaðri upphæð sem fengin er frá afrekssjóði ÍSÍ.

Það sem uppá vantar af fjármagni þarf að leita eftir með styrkjum frá einstaklingum, félögum og eða fyrirtækjum.

Gerð fjárhagsáætlunar

Til þess að samfella náist í fjármögnun afreksstarfs er áætlanagerð um fjármögnun afreksstefnu unnin af stjórn AKÍS, þó sérstaklega gjaldkera AKÍS ásamt landsliðsnefnd.

Lokaorð

Afrekstefna AKÍS skal vera til umfjöllunar á ársþingi og formannafundi ár hvert.

AKÍS leggur áherslu á að kynna stefnuna fyrir aðildarfélögum, þjálfurum, keppendum, aðstandendum íþróttamanna og öðrum þeim sem stefnan tengist.

Afreksstefna AKÍS skal vera aðgengileg á heimasíðu sambandsins.

Afreksstefna AKÍS skal send Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ til staðfestingar sem jafnframt skal birta afreksstefnur sérsambanda á heimasíðu sinni.

Afreksstefna AKÍS tekur mið af Stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um afreksíþróttir (Afreksstefnu ÍSÍ).